

Jólin koma

Lestextar og verkefni



Helga Hauksdóttir
kennsluráðgjafi skóladeild Akureyrar
nóvember 2013



Úti á sleða

Það er vetur. Það er snjór og það er kalt. Óli og Anna eru úti. Anna er á sleða. Hún er með rauða húfu. Óli er ekki með húfu. Hann er með bláan trefil.

Óli og Anna eru glöð. Það er desember. Þá koma jól. Óli og Anna sjá tré. „Þetta eru jóla-tré“ segir Óli. Á jólunum er stórt jóla-tré í stofunni hjá Önnu og Óla.

Hvað eru mörg tré á myndinni? _____

Jólatré er í : eldhúsi herbergi stofu

Settu gula stjörnu (stjarna) á stærsta tréð á myndinni (stór – stærri – stærstur)

GLAÐUR (hann) - GLÖÐ (hún)

Óli er _____ og Anna er _____

Mamma er _____ og pabbi er _____



Pipar-kökur

Kata, Nonni og Sigga eru í skólanum. Þau eru í 6. bekk. Þau eru í heimilisfræði. Kennarinn heitir Erna. „Nú ætlum við að baka“ segir Erna. „Við ætlum að baka pipar-kökur.“

Það er gaman að baka pipar-kökur fyrir jólin. Krakkarnir baka pipar-köku-strák. Strákurinn er brúnn. Han er með hvítar tölur og rautt nef. Þau baka líka pipar-köku hjarta. Ég borða pipar-kökur og drekk mjólk. Það er gott.



Krakkarnir eru í: stærðfræði íslensku heimilisfræði

Kennarinn heitir _____

Piparköku - strákur er: brúnn brún brúnt

Piparköku - stelpa er: brúnn brún brúnt

Piparköku – hjarta er: brúnn brún brúnt



Snjókarl

Þetta er snjókarl. Nefið hans er gulrót. Augun hans eru steinar. Hann er með hatt á hausnum og hann er með trefil um hálsinn. Hatturinn er blár með rauðri rönd. Trefillinn er rauður.

Kisa er úti. Hún sér snjókarl og hún sér fugl. Snjókarlinn er stór en fuglinn er lítill. Kisa er með ól um hálsinn. Í ólinni er bjalla.



Þetta er _____




_____ er _____

Nefið á snjó-karlinum er: tómatur epli gulrót

Kisa er með hendur skott hné

„Snjókarl“ á móðurmáli mínu: _____

„Kisa“ á móðurmáli mínu: _____



1 = grænn 2 = blár 3 = hvítur 4 = húðlitur 5 = gulur

Hvað er á myndinni?

Það er _____ á myndinni.

Kjóllinn hans er _____ á litinn.


Vængirnir eru _____ á litinn.



Jóla-sveinn

Þetta er jóla-sveinn. Hann er í svörtum stígvélum og rauðri kápu. Hann er líka með rauða húfu. Jólasveinninn er með hvítt skegg. Hann er með stóran, brúnan poka. Í pokanum eru gjafir handa krökkum. Jólasveinninn er glaður. Hann kann líka að syngja jóla-lög. Hann syngur fyrir krakkana í skólanum. Hann syngur hátt:

**Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til,
allir fá þá eitthvað fallegt,
í það minnsta kerti og spil.**



_____ og _____



stórt



Jóla-tré

Halldór og Ólöf eiga jóla-tré. Þau eiga þrjú (þrjú) jóla-tré. Stærsta jólatréð er fallegt. Efst á stærsta jólatrénu er stjarna. Stjarnan er gul. Það eru líka jóla-kúlur á trénu. Þær eru rauðar á litinn.

Ólöf setur kúlur á tréð í miðjunni. Þær eru fjólubláar.

Jóla-tréð er lifandi. Það þarf að fá vatn. Það er góður ilmur af jólatrénu.

Hvernig er jólatré á litinn? _____ er _____.

Hvernig er „jólatré“ á móðurmáli þínu? _____

Á Íslandi segjum við GLEÐILEG JÓL!

Á _____ segjum við

_____ !!